

Konur 31% stjórnarmanna í stærri fyrirtækjum

Konur 31% stjórnarmanna í stærri fyrirtækjum



Af vef Langanesbyggðar

Í árslok 2013 voru konur 31% stjórnarmanna og karlar 69% í fyrirtækjum með 50 starfsmenn eða fleiri. Árið 2009 var hlutfall kvenna 20% í stjórnnum slíkra fyrirtækja og hlutfall karla 80%. Rúmlega helmingur þessara fyrirtækja, eða 152, uppfylla skilyrði laganna um kynjahlutföll.

Þetta sýnir ný úttekt Creditinfo sem unnin var fyrir [Samtök atvinnulífsins](#).

Ákvæðið um kynjakvóta í stjórnnum nær til hlutafélaga og einkahlutafélaga þar sem starfa 50 starfsmenn eða fleiri að jafnaði á ársgrundvelli. Í þriggja manna stjórnnum skal hvort kyn eiga fulltrúa í stjórn og þegar stjórnarmenn eru fleiri en þrír skal hlutfall hvors kyns ekki vera lægra en 40%. Ákvæðið öðlaðist gildi 1. september 2013 og nær til 287 fyrirtækja um þessar mundir.

Í maí 2009 skrifuðu Samtök atvinnulífsins, Félag kvenna í atvinnurekstri og Viðskiptaráð undir samstarfs-samning um að fjölga konum í forystu íslensks atvinnulífs. Markmið var sett um að hlutfall hvors kyns yrði ekki undir 40% í lok árs 2013. Í raun reyndi aldrei á framkvæmd samkomulagsins því þegar á sama ári var ljóst að vilji var fyrir því á Alþingi að setja kynjakvóta á stjórnir fyrirtækja.

Nú uppfylla 53% fyrirtækja skilyrðin, en í lok ársins 2009 var hlutfallið 23%.